

Til foreldra

Mögulegt hlutverk foreldra

Þú sem foreldri getur tekið að þér fjölmörg hlutverk til að styðja við þátttöku barnsins þíns í knattspyrnu. Það er góð hugmynd að spyrja þjálfarann hvernig þú getur hjálpað til. Hér er listi yfir möguleg hlutverk sem þú getur tekið að þér fyrir flokk barnsins:

- Bjóða þig fram í foreldraráð.
- Taka virkan þátt á foreldrafundum og í foreldrastarfi, kynnast öðrum foreldrum.
- Sjá um félagslegu hliðina (pizzukvöld, bíóferðir, skemmtikvöld, vídeókvöld, fyrirlestra, að fara saman á knattspyrnuleik o.s.frv.).
- Taka ljósmyndir á leikjum/mótum og öðrum félagslegum viðburðum.
- Gerast liðsstjóri, búningastjóri, dómari, aðstoðarþjálfari eða þjálfari.
- Taka þátt í eða hafa umsjón með fjáröflun.
- Skipuleggja ferðalög og keppnisferðir.

Samskipti við þjálfara

- Eigðu góð samskipti við þjálfarann (líkt og við kennara barnsins í skólanum), en láttu hann um að þjálfar.
- Árangur þjálfara barna í knattspyrnu á ekki að meta út frá því hversu margir titlar eða leikir unnust heldur á því hversu mikil aukning hefur orðið á fjölda barna sem æfa knattspyrnu í flokknum, framfarir leikmanna og hversu lítið brottfall hefur orðið úr flokknum, svo dæmi séu tekin.
 - Finnst barninu þínu gaman á æfingum?
 - Hlakkar barnið til að fara á fótboltaæfingu?
 - Á barnið góða vini í flokknum?
 - Er þjálfarinn áhugasamur og duglegur að segja börnunum til?
 - Læra börnin nýja færni hjá honum og taka framförum?

Þetta eru allt mælikvarðar á gott starf knattspyrnuþjálfarans.

Samskipti við dómara

- Dómarinn á að gæta að öryggi barnanna, dæma leikinn sanngjarnt eftir bestu getu og stuðla að ánægjulegum leik fyrir börnin.
- Dómarinn gerir sitt besta. Aðalmarkmiðið er að börnin hafi gaman af því að leika knattspyrnu. Það er því algjör óþarfi að reiðast þegar dómarinn dæmir "vitlaust"!
- Dómarinn þarf líka stuðning og virðingu því starf hans er oft á tíðum vanþakklátt. Gerðu það að vana þínum að tala vel um dómara í kringum börnin þín.
- Með samstilltu átaki og jákvæðu viðhorfi gagnvart dómurum getum við gert það eftirsóknarvert að dæma og fá þannig fleiri og betri dómara. Þetta er mjög mikilvægt þar sem enginn knattspyrnuleikur fer fram án dómara

Góð ráð til foreldra

- Vertu hvetjandi og talaðu jákvætt um æfingar og leiki.
- Hrós er ein besta leiðin til að byggja upp sjálfstraust. Sýndu jákvæðni og stuðning (líka í mótlæti) og forðastu að setja pressu á barnið hvað varðar frammistöðu þess á vellinum.
- Láttu þjálfarann um að þjálfar og dómarnum um að dæma.
- Leggðu áherslu á það við barnið þitt að það að æfa og keppa í fótbolta eigi að vera gaman. Frammistaða á vellinum á að vera aukaatriði.
- Verið virk á foreldrafundum og í foreldraráði, þar sem umræður fara fram um þjálfun og markmið, þar er ykkar vettvangur.
- Verið góð fyrirmynd fyrir börnin með jákvæðri framkomu gagnvart þjálfaranum, dómarnum og liði andstæðinganna.